



I. KAPÍTULI

ORSTEINN hét maðr; hann var Egilsson, Skalla-Gríms sonar, Kveld-Úlfs sonar hersis ór Nóregi; en Ásgerðr hét móðir Þorsteins ok var Bjarnardóttir.¹ Þorsteinn bjó at Borg í Borgarfirði; hann var auðigr at fé ok hofðingi mikill, vitr maðr ok hógværr ok hófsmaðr um alla hluti.

Engi var hann afreksmaðr um vöxt eða afl sem Egill, faðir hans, en þó var hann² it mesta afarmenni ok vinsæll af allri alþýðu. Þorsteinn var vænn maðr, hvítr á hár ok eygr manna beztr.³ Hann⁴ átti Jófríði Gunnarsdóttur

Fyrirsögn sögunnar er þannig í 18: *Saga þeira Hrafns ok Gunnlaugs ormstungu, eptir því sem sagt hefir Ari prestur inn fróði Þorgilsson, er mestr fræðimaðr hefir verit á Íslandi á landnámssögur ok forna fræði. Í 557 stendur einungis: Saga af Gunnlaugi ormstungu.*

¹ Um ætt þessa, Mýramenn, sjá m. a. Egils sögu. Kveld-Úlfur er hvergi nefndur hersir nema hér og í vísunni í Egils s., 27. kap.:

Nú 's hersis hefnd
við hilmí efn.

Í Egils s., 1. kap., segir, að hann hafi tekið lenda manns rétt, og vísast hér til þess, sem þar er sagt um það efni (Egils s., 4).

² en þó var hann svo 557. Í stað þessarra orða stendur svo í 18: *því at svá er sagt af fróðum monnum, at Egill hafi mestr kappi verit á Íslandi ok*

hólmgöngumaðr, ok mest ætlat af bónda-sonum; fræðimaðr var hann ok mikill ok manna vitrastr. Þorsteinn var ok.

³ Hér bætir 18 við svo felldri klausu: *Svá segja fróðir menn, at margir í ætt Mýramanna, þeir sem frá Agli eru komnir, hafi verit menn vænstir, en þat sé þó mjök sundrgreiniligt, því at sumir í þeirri ætt er kallat, at ljótastir menn hafi verit. Í þeirri ætt hafa ok verit margir atgørvismenn um marga hluti, sem var Kjartan Ólafsson þá ok Víga-Barði ok Skúli Þorsteinsson. Sumir váru ok skáldmenn miklir í þeirri ætt: Björn Hítaldakappi, Einarr prestur Skúla-son, Snorri Sturluson ok margir aðrir. Um efni innskotsgreinar þessarrar sjá m. a. Egils s., 87. kap.*

⁴ Svo 557; Þorsteinn 18, sem var óhjákvæmileg breyting þess, er innskotsgreinin stafar frá.